

Samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar um málefni fatlaðs fólks 2019



Efnisyfirlit

- 3.3 Framkvæmdaáætlun fyrir norrænt samstarf um málefni fatlaðs fólks 8

1. Samantekt

Norræna ráðherranefndin um félags- og heilbrigðismál (MR-S) skilar annað hvert ár greinargerð um samstarfið um málefni fatlaðs fólks til Norðurlandaráðs. Samstarfið hvílir fyrst og fremst á þremur stoðum:

- Norrænu velferðarmiðstöðinni (NVC) sem er stofnun á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar
- Norræna ráðinu um málefni fatlaðs fólks (Fötlunarráðinu), sem gegnir ráðgjafarhlutverki fyrir allt opinbert norrænt samstarf
- Framkvæmdaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir samstarf um málefni fatlaðs fólks 2018–2022

Í þessari greinargerð er lýst fjölda verkefna auk þróunar starfsemi og aðgerða á vegum ráðherranefndarinnar sem er ætlað að stuðla að þátttöku fólks með fötlun með norrænu samstarfi á tímabilinu 1. janúar 2018–30. ágúst 2019. Greinargerðin beinir sjónum að þremur stoðum samstarfsins fyrir framkvæmd aðgerða og metnaðarfullra verkefna á þessu sviði. Auk þess er grein gerð fyrir eftirfarandi niðurstöðum:

- NVC hefur komið á traustri miðlun þekkingar og reynslu með verkefnastarfsemi sinni, safnað og unnið úr þekkingu auk þess að koma tengslanetum á laggirnar á mörgum sviðum. Stærri vefsvæði um málefni fatlaðs fólks skapar aðgengilega upplýsingaveitu á þessu sviði.
- Norræna ráðið um málefni fatlaðs fólks hefur lagt sitt af mörkum til þróunar og upphafs verkefna í framkvæmdaáætluninni auk þess að koma með tillögur að forgangssviðum sænsku og íslensku formennskuáætlananna.
- Flestum verkefnum framkvæmdaáætlunarinnar hefur nú verið hrint af stað. Í dag eru fleiri verkefni rekin og fjármöggnuð af öðrum fagsviðum en áður og er það mjög ánægjuleg þróun.
- Nýju tengslaneti hefur verið komið á fót innan skrifstofu ráðherranefndarinnar þar sem áhersla er lögð á samþættingu fötlunarsjónarmiða á öllum viðeigandi fagsviðum.

2. Inngangur

Stefna um málefni fatlaðs fólks er þverfaglegt og fjölþætt svið og mikil þörf er á, og samkvæmt mati, upplifaðri gagnsemi og samstarfi af ólíkum toga, með miðlun þekkingar og reynslu á Norðurlöndum. Stefna um málefni fatlaðs fólks á Norðurlöndum er nátengd framkvæmd réttindasáttmála SP, sjálfbærni markmiðanna í heimsmarkmiðum SP um sjálfbæra þróun til ársins 2030 og stefnu í velferðarmálum, þar sem meðal annars skyldunámsskólar fyrir alla, mikil atvinnuþátttaka og jöfnuður tilefnislausra félags- og efnahagslegra aðstæðna eru burðarásinn.

Fólk með mismunandi fötlun er í mörgum tilvikum utanveltu í samfélaginu á Norðurlöndum. Til eru hindranir sem að óþörfu útiloka fólk sem vill og á rétt á að ganga í skóla og lifa virku lífi, sem og rétt á að vinna á sömu skilmálum og aðrir. Þetta á jafnt við um börn og ungmenni og fullorðna með fötlun. Höllustum fæti standa stúlkur og konur með fötlun, sem í meiri mæli en strákar og karlar eiga erfitt með að fá og halda vinnu og eiga á hættu að enda í fátækt og verða fyrir ofbeldi og kúgun.

Norrænt samstarf um málefni fatlaðs fólks á að vera skilvirkt tæki til að stuðla að þátttöku fatlaðs fólks með aukinni miðlun þekkingar á Norðurlöndum og nánara samstarfi um málefni fatlaðs fólks.

Með samstarfi varpa Norðurlöndin ljósi á notagildi og verðmæti sem felast í samfélagi fyrir alla og algildri hönnun stafræns og ytra umhverfis. Algild hönnun leiðir til snjalls og góðs samfélagsskipulags sem stuðlar að hagvexti og aukinni hagsæld fyrir bæði velferðarkerfi og atvinnulíf.

3. Samstarfið

3.1 Vinna Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar með málefni fatlaðs fólks

Hlutverk Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar (NVC) er að styðja Norrænu ráðherranefndina um félags- og heilbrigðismál (MR-S) við framkvæmd norrænna verkefna á sviði félags- og heilbrigðismála. Stofnuninni er fyrst og fremst stýrt af stefnumótandi umboði og erindisbréfi.

Málefni fólks með fötlun eru eitt áherslusviða Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar. Stofnunin á meðal annars að stuðla að framkvæmd landanna á samningi SP um réttindi fatlaðs fólks (CRPD) og að sjálfbærara samfélagi sem byggir á algildri hönnun.

Stefna um málefni fatlaðs fólks er þverfaglegt og fjölþætt svið og það er ekki bara mikil þörf á miðlun þekkingar og reynslu heldur einnig mikil, samkvæmt mati, raunveruleg gagnsemi af stefnunni á Norðurlöndunum. NVC samhæfir og stjórnar verkefnum, skipuleggur og heldur málþing og aðra viðburði, semur skýrslur og miðlar þekkingu á ólíkan hátt. Mikilvæg verkefni NVC eru:

- að þekkja til lykilaðila í löndunum og á alþjóðavettvangi
- að samhæfa og stjórna verkefnum
- að koma á tengslum
- að stuðla að miðlun þekkingar og reynslu í tengslanetum.

Í því skyni að auðvelda sérfræðingum og áhugasömum að finna þekkingu og góð dæmi varðandi aðlögun, hefur NVC auk þess aukið upplýsingagjöf um samstarf um málefni fatlaðs fólks á vefsvæði sínu nordicwelfare.org/funktionshinder. Á vefsvæðinu má einnig finna viðræður landanna við SP varðandi framkvæmd samningsins um réttindi fatlaðs fólks (CRPD), að meðtöldum skýrslum um aðra valkosti frá frjálsum félagasamtökum. Vefsvæðið er á mörgum tungumálum og er uppfært jafnt og þétt.

Þrír yfirráðgjafar/verkefnastjórar vinna með málefni fatlaðs fólks hjá NVC, tveir í fullu starfi og einn í hálfu starfi. Oft er beitt þverfaglegum vinnuaðferðum til að stuðla að samstarfi milli sviða er varða málefni fatlaðs fólks, barna og ungmenna, tæknimál og stefnu um málefni aldraðra. Eitt mikilvægra hlutverka NVC er skrifstofuhald fyrir Norræna ráðið um málefni fatlaðs fólks, sjá 3.2.

Nánari upplýsingar um málefni fatlaðs fólks á heimasíðu NVC:

<https://nordicwelfare.org/funktionshinder/>

Hér fyrir neðan eru kynnt nokkur verkefni og aðgerðir sem í augnablikinu fara fram á vegum NVC.

3.1.1 Þátttaka barna og ungmenna með fötlun á Norðurlöndum

Þátttaka barna og ungmenna og réttindi eru forgangssvið í norrænu samstarfi. Norræna barna- og ungmennanefndin (NORDBUK) á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar fjármagnar, ásamt NVC, verkefni sem eflir miðlun þekkingar og reynslu á Norðurlöndum um þátttöku barna og ungmenna með fötlun. Verkefninu, sem er hluti framkvæmdaáætlunar ráðherranefndarinnar, er lýst nánar í þessari greinargerð, sjá 3.3.1.

Nánari upplýsingar má finna á <https://nordicwelfare.org/projekt/barn-unga-och-delaktighet/>

3.1.2 Vinnumarkaður fyrir alla

Mikil atvinnuþátttaka er hornsteinn í norrænni velferðarstefnu. Margir einstaklingar með fötlun, ekki síst ungmenni, standa þrátt fyrir starfsgetu utan vinnumarkaðar. Í desember 2018 hélt NVC norrænt málþing sérfræðinga í Uppsölum um vinnumarkað fyrir alla sem legði áherslu á hlutverk vinnuveitandans varðandi þátttöku fólks með fötlun. Hagsmunasamtök atvinnulífsins í þremur löndum tóku þátt ásamt fræðimönnum og fulltrúum samtaka fólks með fötlun. Árið 2019 verður innihaldið kynnt í vefryrirllestri og í skriflegri skýrslu sem verður birt á þemasíðu NVC um vinnumarkað og málefni fatlaðs fólks.

Í ágúst 2019 veitti vinnumarkaðsnefndin í Norrænu embættismannanefndinni um vinnumál (ÄK-A) fjármagn til verkefnis um vinnumarkað fyrir alla sem NVC á að ljúka. Verkefnið einblínir á nýja þekkingu og dæmi um góðar starfsvenjur varðandi þátttöku á vinnumarkaði með áherslu á nýjar tæknilausnir. Verkefnið er hluti framkvæmdaáætlunar ráðherranefndarinnar, sjá einnig 3.3.2.

Nánari upplýsingar má finna á <https://nordicwelfare.org/projekt/arbetsmarknad-och-funktionshinder/>

3.1.3 Frjáls för námsmanna og málefni fatlaðs fólks

Námsmenn með fötlun sem stunda háskólanám eiga að hafa sömu tækifæri til náms erlendis og aðrir, en taka mjög sjaldan þátt í alþjóðlegu skiptinámi. NVC mun halda röð málþinga um hvernig megi stuðla að aukinni frjálsri för þessa hóps. Verkefnið er fjármagnað af Norrænu embættismannanefndinni um menntamál og rannsóknir (ÄK-U), og er hluti framkvæmdaáætlunar ráðherranefndarinnar, sjá einnig 3.3.3.

3.1.4 Algild hönnun, þátttaka og lýðræði

Sjálfbærnimarkmiðin í Heimsmarkmiðum SP um sjálfbæra þróun til ársins 2030 ná til fatlaðs fólks. NVC heldur utan um verkefni sem á að kortleggja og stuðla að framkvæmd ákveðinna undirmarkmiða Heimsmarkmiða SP um sjálfbæra þróun. Verkefnið er fjármagnað af Ráðherranefnd

samstarfsráðherranna (MR-SAM) og Norrænu ráðherranefndinni um félags- og heilbrigðismál (MR-S), og er hluti framkvæmdaáætlunarinnar, sjá einnig 3.3.2.

Nánari upplýsingar má finna á: <https://nordicwelfare.org/projekt/universell-utformning-delaktighet-demokrati>

3.1.5 Starfsemi fyrir daufblinda

Einstaklingar með daufblindu eru fáir um leið og þeir hafa miklar og flóknar þarfir fyrir stuðning af ólíkum toga. Mjög fáir sérfræðingar eru á þessu sviði og því er mikil þörf á vandaðri þekkingu og færni fagfólks. Norrænt samstarf er því mjög gagnlegt á þessu sviði. NVC leggur sitt af mörkum til að auka tækifæri til samfélagsþátttöku fyrir einstaklinga með daufblindu. Starfið beinist að fagfólki, sérfræðingum og yfirmönnum stofnana á svæðum, í sveitarfélögum og samtökum. Meðal annars hefur NVC umsjón með fjórum þekkingarskapandi tengslanetum fyrir sérfræðinga og fagfólk í löndunum. Haldin eru námskeið, útbúið stafrænt efni, haldin málþing, gefin út rit og gripið til annarra aðgerða sem beinast að fagfólki og sérfræðingum. Allt skapar þetta góðar forsendur fyrir þróun þekkingar á þessu sviði.

NVC hefur umsjón með fjölda vinnuhópa með ólík viðfangsefni og heldur auk þess árlegan fund „Norrænan leiðtogafund á sviði daufblindu“ til að treysta vinnuna í sessi og tryggja gæðin. Í því skyni að breiða út boðskapinn enn frekar gefur NVC út norrænt fréttabréf um daufblindu og veitir upplýsingar um málefnið á facebook.com/dovblind/. Árið 2019 var bók um málþroska og snertitáknmál „[Hvis du kan se det, kan du understøtte det – Taktil språkutveckling](#)“ gefin út. Ritið er til á skandinavísku tungumálunum auk ensku.

Nánari upplýsingar að meðtöldum ritum má finna á <https://nordicwelfare.org/funktionshinder/dovblindverksamheten/>

3.1.6 Styrkjaáætlun fyrir stofnanir

NVC greiðir götu og styður norrænt samstarf frjálsra félagasamtaka á sviði málefna fatlaðs fólks með því að leggja fram fjárstuðning upp að vissu marki. Á hvert veitir NVC rúmlega eina og hálf milljón sænskra króna í styrki sem eiga að örva norrænt samstarf á sviði málefna fatlaðs fólks. Markmiðið með styrkjaáætluninni er að félagasamtök á Norðurlöndum fái tækifæri til að koma saman, eiga samstarf og vinna verkefni í sameiningu. Krafan er að verkefni skuli á einn eða annan hátt gæta hagsmuna og málefna í samfélaginu sem varða fatlað fólk. Fjármagni er veitt til verkefna sem tengjast einhverju áherslusviðanna í framkvæmdaáætlun ráðherranefndarinnar um samstarf á sviði málefna fatlaðs fólks, CRPD eða Heimsmarkmiðum SP um sjálfbæra þróun til ársins 2030.

Nánari upplýsingar má finna á <https://nordicwelfare.org/funktionshinder/stodordningen/>

3.1.7 Tölulegar upplýsingar á sviði málefna fatlaðs fólks

Þörf er á auknum og betri samanburðarhæfum norrænum tölulegum upplýsingum á sviði málefna fatlaðs fólks. Árið 2017 hóf NVC verkefni sem kortleggur möguleikana á að finna og safna tölulegum upplýsingum í löndunum og á þann hátt greina sameiginlega norræna vísa varðandi framkvæmd samnings SP um réttindi fatlaðs fólks (CRPD). Fyrsti áfangi verkefnisins fór fram 2017–2018 og verkefnið heldur áfram haustið 2019.

Nánari upplýsingar má finna á <https://nordicwelfare.org/projekt/nordiskfunktionshindersstatistik/>

3.2 Norræna ráðið um málefni fatlaðs fólks

Umboð Norræna ráðsins um málefni fatlaðs fólks gildir frá og með 1. janúar 2018 til og með 31. desember 2022. Umboðið var samþykkt af Norrænu ráðherranefndinni um félags- og heilbrigðismál (MR-S) en vinna ráðsins nær til allra viðeigandi fagsviða. Í ráðinu sitja sérfræðingar sem skipaðir eru af ríkisstjórnnum og samtökum fatlaðs fólks á Norðurlöndunum öllum. Skipanin byggir á lögmálinu „ekkert um okkur án okkar“, sem er rauður þráður í samningi SP um réttindi fatlaðs fólks (CRPD). Fatlað fólk ætti sjálft, eða fyrir tilstilli samtaka fyrir þeirra hönd, að taka þátt í verkferlum og ákvörðunum sem varða þeirra mál.

Norræna ráðið um málefni fatlaðs fólks hefur það hlutverk að stuðla að þróun og framkvæmd og fylgja eftir og þrýsta á verkefni í framkvæmdaáætlun ráðherranefndarinnar. Í því skyni að inna þetta af hendi á skilvirkan hátt hafa fulltrúarnir meðal annars skipt með sér verkum í hagsmunahópum sem tengjast verkefnum framkvæmdaáætlunarinnar.

NVC sér um skrifstofuhald fyrir Norræna ráðið um málefni fatlaðs fólks og er bakhjarl opinbers norræns samstarfs á þessu sviði.

Á árunum 2018 og 2019 hefur Norræna ráðið um málefni fatlaðs fólks lagt áherslu á verkefni tengd nýju umboði.

Nánari upplýsingar má finna á <https://nordicwelfare.org/funktionshinder/funktionshindersradet/>

Hér fyrir neðan eru nokkur verkefni og aðgerðir á vegum ráðsins kynnt.

3.2.1 Fundir Norræna ráðsins um málefni fatlaðs fólks

Norræna ráðið um málefni fatlaðs fólks á samkvæmt umboði sínu að koma saman minnst tvisvar á ári.

Fyrsti fundurinn var haldinn 29.–31. maí 2018 í Stokkhólmi, Svíþjóð, í tengslum við alþjóðlegan tengslanetsfund leiðtoga á sviði málefna fatlaðs fólks. (Fulltrúar í ráðinu tóku einnig þátt í norrænni ráðstefnu sem haldin var af Independent Living-hreyfingunni um að beita lögum gegn mismunun sem tækjum til breytinga.) Annar fundurinn var haldinn 22.–24. ágúst 2018 í Sisimiut á Grænlandi. (Í tengslum við fundinn var haldið málþing um skýrslugjöf varðandi framkvæmd samnings SP um réttindi fatlaðs fólks, CRPD, til SP.) Í fyrsta skipti tóku þátt grænlenkir fulltrúar frjálsra félagasamtaka á fundi um málefni fatlaðs fólks á vegum ráðherranefndarinnar. Í Sisimiut var einnig haldið málþing um stuðning og þjónustu á dreifbýlum svæðum, sjá 3.2.3.

Ráðið kom saman 27.–29. mars 2019 í Reykjavík í tengslum við norrænan leiðtogafund og ráðstefnu um geðheilsu barna og ungmenna í skóla. Annar ráðsfundur ársins fer fram 28.–30. október í Stokkhólmi í tengslum við þing Norðurlandaráðs.

Norræna ráðið um málefni fatlaðs fólks má vinna verkefni að eigin frumkvæði. Hér fyrir neðan er lýst nokkrum verkefnum og málefnum sem ráðið vann með á árunum 2018 og 2019.

3.2.2 Forysta um málefni fatlaðs fólks

Í tengslum við ráðsfundinn í Stokkhólmi í maí 2018 tóku fulltrúarnir þátt í alþjóðlega tengslanetsfundinum fyrir International Initiative for Disability Leadership (IIDL). Á fundinum komu

saman 500 yfirmenn fyrirtækja sem stefna að aðlögun á grundvelli geðheilsu og fötlunar. Ráðsfulltrúar tóku meðal annars þátt í norrænni pallborðsumræðu. Áhugi á norrænu samstarfi á sviði málefna fatlaðs fólks og ástandinu á Norðurlöndum er mikill innan IIDL og samstarfið heldur áfram. Í september 2019 taka ráðsfulltrúar þátt í tengslanetsfundi IIDL í Washington, einnig í norrænni pallborðsumræðu þar.

3.2.3 Stuðningur og þjónusta miðsvæðis og á jaðarsvæðum

Í tengslum við ráðsfundinn í Sisimiut 2018 var haldið málþing til að vekja athygli á þörfinni og góðum dæmum um stuðning og þjónustu við fatlað fólk í dreifbýli.

Nánari upplýsingar um málþingið: <https://nordicwelfare.org/evenemang/stod-och-service-utifran-behov-och-rattigheter-oavsett-var-man-bor/>

3.2.4 Börn og ungmenni með fötlun

Árið 2019 beinir Norræna ráðið um málefni fatlaðs fólks sjónum að þema íslensku formennskuáætlunarinnar um geðheilsu barna og ungmenna í skóla. Á ráðsfundinum í Reykjavík greindu ráðsfulltrúar frá stefnu og hagnýtum dæmum á sviði geðheilsu barna og ungmenna að því er varðaði málefni fatlaðs fólks.

3.2.5 Ryðjið úr vegi tabúinu um kynferðislega áreitni og fötlun

Norræna ráðið um málefni fatlaðs fólks hefur lagt til þekkingu fyrir ráðstefnu íslensku formennskuáætlunarinnar „2 árum eftir #metoo“. Hluti ráðstefnunnar á að fjalla um kynbundið ofbeldi og áreitni gegn fötluðu fólki.

3.2.6 Frjáls för

Hlutverk Norræna ráðsins um málefni fatlaðs fólks er að vekja athygli á málefnum fatlaðra hjá þeim stofnunum og aðilum sem vinna að afnámi stjórnsýsluhindrana og stuðla að frjálsri för á Norðurlöndum (sbr. 3.1 í framkvæmdaáætluninni). Norræna ráðið um málefni fatlaðs fólks fylgist meðal annars með endurskoðun Norræna sáttmálans um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu. Ráðið fylgir einnig eftir skýrslunni um stjórnsýsluhindranir á sviði félags- og vinnumála frá 2012 og er í sambandi við skrifstofu Stjórnsýsluhindranaráðsins og upplýsingaþjónustuna Info Norden. Á árunum 2019–2020 verður lögð sérstök áhersla á frjálsa för og táknaál, en það er starfsemi á vegum ferðastyrkjaáætlunar ráðherranefndarinnar, sjá einnig 3.3.3.

Nánari upplýsingar má finna á: <https://nordicwelfare.org/projekt/fri-rorlighet-och-funktionshinder/>

3.3 Framkvæmdaáætlun fyrir norrænt samstarf um málefni fatlaðs fólks

Framkvæmdaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir samstarf um málefni fatlaðs fólks á tímabilinu 2018–2022 er með þrjú áherslusvið: mannréttindi, sjálfbæra þróun og frjálsa för. Á hverju sviði fara fram þrjú verkefni. Framkvæmdaáætlunin er þverfagleg og starfsemin er af ólíkum toga.

Tilgangur framkvæmdaáætlunarinnar og verkefnanna níu er að stuðla að þátttöku fatlaðs fólks með aukinni miðlun þekkingar á Norðurlöndum og nánara samstarfi um málefni fatlaðs fólks. Að miklu leyti fer þetta fram með því að skapa forsendur fyrir miðlun reynslu, varðveislu þekkingar og þróun aðferða fyrir þátttöku fatlaðs fólks á nokkrum mikilvægum sviðum og í ákveðnu samhengi. Annar mikilvægur þáttur er að efla vitund um fötlunarsjónarmið í lykilstarfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar og

Norðurlandaráðs. Frá því að framkvæmdaáætlunin var samþykkt í apríl 2018 hefur vinnu verið hrint af stað í átta af níu verkefnum.

Framkvæmdaáætlunina má sjá hér: <https://www.norden.org/sv/publication/handlingsplan-nordiskt-samarbete-om-funktionshinder-2018-22>

3.3.1 Mannréttindi

Á sviði mannréttinda snýst samstarfið fyrst og fremst um að efla framkvæmd í löndunum á samningi SP um réttindi fatlaðs fólks (CRPD), sem öll Norðurlöndin hafa fullgilt, en það snýst einnig um samning SP um réttindi barna (CRC) og réttindi frumbyggja Norðurlanda, Sama og Inúíta.

Aðferðir sem efla framkvæmd samnings SP um réttindi fatlaðs fólks (CRPD)

Norræna velferðarmiðstöðin er með mörg verkefni sem ætlað er að efla framkvæmd samnings SP um réttindi fatlaðs fólks (CRPD). (Sjá kafla 3.1 um starfsemi NVC hér fyrir ofan.) Ráðherranefndin hefur aukið upplýsingagjöf sína með nýrri upplýsingasiðu um sviðið á vefsvæðinu norden.org. Í júní 2019 var auk þess haldinn norrænn hliðarviðburður um aðgang allra barna að menntun, ásamt Svíþjóð í tengslum við fundinn um samning SP um réttindi fatlaðs fólks (CRPD) í New York, sjá 3.3.5.

Upptaka frá hliðarfundinum: <https://www.youtube.com/watch?v=8Xdztp-Hyjs>

Börn og ungmenni með fötlun

Börn og ungmenni með fötlun taka ekki þátt að öllu leyti til jafns við önnur börn og ungmenni á Norðurlöndum. Á Norðurlöndunum öllum skortir nægilega góðar aðferðir til að ná fram þátttöku barna og ungmenna með fötlun í ákvörðunum sem hafa áhrif á aðstæður þeirra. Auk þess búa börn og ungmenni með ákveðnar fatlanir við verri heilsu en aðrir. Það má meðal annars rekja til lélegs aðgengis á stöðum sem eru mikilvægir fyrir börn og skort á færni hjá lykilaðilum sem skipta sköpum fyrir þátttöku. Þetta verkefni stuðlar að framkvæmd stefnunnar „Börn og ungmenni á Norðurlöndum – þverfagleg stefna Norrænu ráðherranefndarinnar“. Með því að vinna á Norðurlöndunum að aukinni þátttöku og aðlögun fatlaðra barna og ungmenna geta löndin betur komið til móts við kröfurnar í bæði samningi SP um réttindi barna (CRC) og samningi SP um réttindi fatlaðs fólks (CRPD). Verkefnið er unnið af NVC með fjárstuðningi frá Norrænu barna- og ungmennanefndinni (NORDBUK) og í samráði við Norræna ráðið um málefni fatlaðs fólks.

Samantekt á skýrslugjöf landanna til SP, bæði varðandi samning SP um réttindi fatlaðs fólks (CRPD) og samning SP um réttindi barna (CRC), verður gerð. Með aðstoð sérfræðingahóps mun fara fram kortlagning á aðilum í forsvari fyrir vinnu að aukinni þátttöku. Vætanleg niðurstaða er að fá dæmi um aðferðir og starfsvenjur til að auka þátttöku fatlaðra barna og ungmenna. Sérfræðingahópurinn á einnig að stuðla að því að sjónarmið barna og ungmenna séu samþættuð í norrænt samstarf um málefni fatlaðs fólks almennt séð. Í framhaldinu er markmiðið að þetta muni í heild sinni auka réttindi og þátttöku barna og ungmenna í samfélaginu.

Nánari upplýsingar má finna á <https://nordicwelfare.org/projekt/barn-unga-och-delaktighet/>

Frumbyggjar og málefni fatlaðs fólks

Þessu verkefni hefur enn ekki verið hrint af stað. NVC og skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar munu síðar greina frá hvernig unnið verður áfram með málið.

3.3.2 Sjálfbær þróun

Á þessu sviði verður starfsemin tengd við stefnu ráðherranefndarinnar um sjálfbæra þróun „Gott líf á sjálfbærum Norðurlöndum, 17. markmið SP um sjálfbæra þróun í Heimsmarkmiðum SP til ársins 2030“ sem og við margar samstarfsáætlanir ráðherranefndarinnar á ólíkum fagsviðum.

Sambætting fötlunarsjónarmiða á ólíkum fagsviðum Norrænu ráðherranefndarinnar

Norræna ráðherranefndin leitast við, sem samstarfsvettvangur Norðurlandanna, að vera góð fyrirmynd um hvernig megi sambætta fötlunarsjónarmið í öll viðeigandi stefnusvið og starfsemi. Síðan árið 2019 sér innra tengslanet um sambættingarvinnuna. Tengslanetið er skipað yfirráðgjöfum/ráðgjöfum frá öllum fagsviðum og frá samskiptasviði sem eiga að miðla upplýsingum og auka vitund um málefni fatlaðs fólks og aðgengismál. Þekkingar- og velferðarnefndin innan skrifstofunnar hefur umsjón með tengslanetinu. Deildin á samstarf, varðandi upplýsingamiðlun og eftirfylgni sambættingarvinnunnar, við skrifstofu Norræna ráðsins um málefni fatlaðs fólks (sem svo aftur er til húsa hjá Norrænu velferðarmiðstöðinni). Tengslanetið kemur saman u.þ.b. þrisvar til fjórum sinnum á ári.

Hlutverk Norræna ráðsins um málefni fatlaðs fólks er samkvæmt umboðinu frá Norrænu ráðherranefndinni um félags- og heilbrigðismál (MR-S) að fylgja ár hvert eftir vinnu við sambættingu fötlunarsjónarmiða í starfsemi ráðherranefndarinnar. NVC fylgir vinnunni eftir í samráði við tengiliðina í innra tengslanetinu. Skýrslugjöfin er hluti ársskýrslu NVC um vinnu í Norræna ráðinu um málefni fatlaðs fólks og stöðuskýrsla um vinnuna í framkvæmdaáætluninni. Ársskýrslan er rædd á haustfundi Norrænu embættismannanefndarinnar um félags- og heilbrigðismál (ÄK-S) og annað hvert ár gerir ráðherranefndin Norðurlandaráði grein fyrir samstarfinu um málefni fatlaðs fólks.

Eftirfarandi fagsviðum og stefnusviðum í samstarfi á vegum ráðherranefndarinnar verður fylgt eftir:

- Almenn norræn stefna um samstarfið er í höndum samstarfsráðherranna (MR-SAM). Það svið nær til samstarfs um afnám stjórnsýsluhindrana, réttindi barna og ungmenna og alþjóðlegt samstarf, að samstarfi um norðurskautssvæðið meðtöldu, norrænt-baltneskt og norrænt-rússneskt samstarf.
- Stefna í félags- og heilbrigðismálum
- Vinnumál
- Stefna um menntun og rannsóknir
- Jafnréttismál
- Menningarmál
- Stafræn þróun
- Byggðastefna
- Stefna á sviði viðskipta
- Samstarf á sviði dómsmála
- Fjármálastefna
- Aðlögunarmál

Á skrifstofu ráðherranefndarinnar kemur samskiptasviðið einnig við sögu en það hefur umsjón með vefsvæðum norræns samstarfs, útgáfustarfsemi o.s.frv.

Eftirfylgnin varðar 17 stefnu- og starfssvið sem koma við sögu í tengslanetinu. Á flestum stefnusviðum eru verkefni sem á ólíkan hátt koma til móts við þarfir og skapa forsendur þátttöku hjá fötluðu fólki, ekki síst með samstarfi varðandi aðgengismál og algilda hönnun. Í flestum þeim málaflokkum/starfssviðum sem fylgt er eftir, má finna málefni fatlaðra/aðgengismál og/eða algilda hönnun í stefnumótandi skjölum

fagsviðanna o.þ.h. Auk þess eru ólík verkefni fjármögnuð, fundir/starfsemi sem ætlað er að stuðla að þátttöku allra í nánast öllum málaflokkum/starfsemi.

Nánari upplýsingar má finna á <https://nordicwelfare.org/funktionshinder/funktionshindersradet/>

Algild hönnun, þátttaka og lýðræði

Tilgangur verkefnisins er að stuðla að miðlun reynslu og þekkingar á grundvelli fimm undirmarkmiða í Heimsmarkmiðum SP um sjálfbæra þróun til ársins 2030. Það er gert með því að mynda tengslanet, safna þekkingu og góðum dæmum um hvernig framkvæmd Heimsmarkmiða SP um sjálfbæra þróun til ársins 2030 fer fram og með því að móta norrænt samstarf sem getur stutt framkvæmdina. Mynda skal fimm norræn tengslanet sem verða í umsjón stjórnvalda í löndunum. Frjáls félagasamtök sem eru í forsvari fyrir fatlað fólk munu taka þátt á öllum stigum verkefnisins. Tengslanetin eiga að vinna með þemu sem tengjast eftirfarandi undirmarkmiðum í Heimsmarkmiðum SP um sjálfbæra þróun til ársins 2030:

- Undirmarkmið 10.2 „Þátttaka er forsenda lýðræðis og algild hönnun er forsenda þátttöku“
- Undirmarkmið 11.2 „Samræmdar samgöngur fyrir íbúa og gesti Norðurlandanna“
- Undirmarkmið 11.3 „Snjallar borgir eru borgir með algilda hönnun“
- Undirmarkmið 16.7 „Hversu vel ná opinber pólitísk kerfi á Norðurlöndum til allra?“
- Undirmarkmið 17.7 „Þátttaka notenda og samráð við borgarana skapar betri lausnir fyrir alla“

Verkefnið er í umsjón NVC og skal unnið í nánú samráði við samtök í forsvari fyrir fatlað fólk og aðra hlutaðeigandi. Þau samtök sem eru í forsvari fyrir stóru fötlunarhópana (sjón, heyrn, hreyfifærni og vitsmuni) þarf að virkja. Æskulýðsnefnd verður ráðgjafarhópur fyrir verkefnið.

Nánari upplýsingar má finna á: <https://nordicwelfare.org/projekt/universell-utformning-delaktighet-demokrati>

Vinumarkaður fyrir alla á Norðurlöndum:

Öll Norðurlöndin hafa sambærilegt hlutfall fatlaðs fólks án vinnu þrátt fyrir að fötlun þurfi ekki að þýða skerta vinnugetu. Bæði samningur SP um réttindi fatlaðs fólks (CRPD) og Heimsmarkmið SP um sjálfbæra þróun til ársins 2030 skuldbinda Norðurlöndin til að draga úr ójöfnuði milli fatlaðra og ófatlaðra og milli karla og kvenna. Verkefnið er fjármagnað af sviði vinnumála og er í verkahring NVC. Þróa ber nýja þekkingu til að kanna í hve miklum mæli stafræn þróun og ný tækni og nýsköpun geta skapað ný tækifæri á vinnumarkaði fyrir fatlað fólk.

Við framkvæmd Heimsmarkmiða SP um sjálfbæra þróun til ársins 2030 er verkefnið sérlega viðeigandi fyrir 8. markmiðið (Mannsæmandi atvinnutækifæri og sjálfbær hagvöxtur), 9. (Sjálfbærir atvinnuvegir, nýsköpun og innviðir), 5. (Jafnréttismál) og 10. (Aukinn jöfnuður). Verkefnið hefur sérstaka þýðingu fyrir jafnrétti kvenna og karla. Áhersla verður lögð á sjónarmið ungs fólks og þátttöku ungs fólks.

Nánari upplýsingar má finna á <https://nordicwelfare.org/projekt/arbetsmarknad-och-funktionshinder/>

3.3.3 Frjáls för

Á þessu sviði eru unnin verkefni sem er ætlað að stuðla að frjálsri för fatlaðs fólks til jafns við alla aðra.

Fötlunarsjónarmið í norrænu samstarfi um afnám stjórnsýsluhindrana

Vinna að frjálstri för er hornsteinn í norrænu samstarfi. Innan ramma þessa starfs er lögð áhersla á svið þar sem vinna að afnámi stjórnsýsluhindrana stuðlar einnig að frjálstri för einstaklinga sem hafa sérþarfir varðandi aðgengi. Þekking á málefnum fatlaðs fólks skal aukin hjá forsvarsmönnum um vinnu að frjálstri för. Síðan á tímabili síðustu framkvæmdaáætlunar hefur verið gott samráð milli Norræna ráðsins um málefni fatlaðs fólks, NVC og þeirra stofnana sem eru í forsvari fyrir afnám stjórnsýsluhindrana eins og Stjórnsýsluhindranaráðsins og upplýsingaþjónustunnar Info Norden.

Ráðgert er að halda málþing um táknmál og frjálsta för og gefa út skýrslu sem lýsir þeim þáttum sem stuðla að frjálstri för fyrir fatlað fólk. Vinnan verður unnin af NVC og reiknað er með að hún hefjist árið 2019.

Nánari upplýsingar má finna á: <https://nordicwelfare.org/projekt/fri-rorlighet-och-funktionshinder/>

Röð málþinga um frjálsta för námsmanna og málefni fatlaðs fólks

Fatlaðir námsmenn í háskólanámi vilja og eiga sama rétt á að stunda nám erlendis og aðrir námsmenn, en gera það í mjög litlum mæli. Fagsvið menntamála og rannsókna (Norræna embættismannanefndin um menntamál og rannsóknir, ÄK-U), greiðir fyrir frjálstri för fyrir þennan hóp og fjármagnar röð norrænna málþinga á sjö stöðum á Norðurlöndum (Stokkhólmi, Reykjavík, Óðinsvéum, Esbo, Maríuhöfn, Þórshöfn og Ósló). Á málþingunum eru kynntar og ræddar niðurstöður skýrslunnar „Equity in student mobility in higher education in the Nordic region“. Skýrslan er niðurstaða verkefnis með sama heiti, sem var unnið af tengslanetinu Nordic Network of Disability Coordinators (NNDC). Skýrslan lýsir ástandinu hjá fötluðum námsmönnum í háskólanámi, forsendum þeirra til náms erlendis, styrkjakerfum, því sem kemur í veg fyrir og greiðir fyrir frjálstri för.

Vorið 2018 voru einnig gerðar tvær upplýsingamyndir og verkefnaáriða var birt á vefsvæði NVC. Þessari röð málþinga mun ljúka með skýrslu með tillögum að áframhaldandi norrænu samstarfi sem getur stuðlað að því að fleiri fatlaðir námsmenn velji og ljúki námi í öðru norrænu ríki.

Nánari upplýsingar má finna á: <https://nordicwelfare.org/projekt/studentmobilitet/>

Borgarskipulag í svæðisbundnu tilliti

Hvernig vinna norrænar borgir að lausnum á sviði almenningssamgangna, opinna svæða og skipulagsferla sem taka mið af hagsmunum fatlaðs fólks? Hvað felst í að skipuleggja og móta borgir fyrir alla með sérstakri áherslu á málefni fatlaðs fólks? Þessar spurningar verða teknar fyrir í verkefninu „Planning and designing the inclusive smart city“ sem verður unnið af NordRegio (stofnun á vegum ráðherranefndarinnar) í samráði við NVC. Verkefnið er fjármagnað af fagsviði byggðastefnu, Embættismannanefndinni um byggðastefnu (ÄK-R). Norræna ráðið um málefni fatlaðs fólks finnur tengiliði við hæfi í löndunum. Verkefnið rannsakar skipulag félagslegrar sjálfbærni og borga fyrir alla með því að rannsaka framkvæmd stefnu í skipulagsmálum borga sem beinist að algildri hönnun, aðgengismálum og málefnum fatlaðra.

Nánari upplýsingar má finna á: <https://www.nordregio.org/research/planning-and-designing-the-inclusive-smart-city/>

3.3.4 Þverfaglegt sjónarhorn

NVC vinnur, samkvæmt stefnumótandi umboði sínu, með hliðsjón af jafnréttissjónarmiðum og samþættingu sjónarmiða barna og ungmenna í starfi að málefnum fatlaðra. Leitast er eftir jafnvægi milli

kynjanna við skipan sérfræðingahópa, ræðumanna á málþingum og við ráðningar. Auk þess fer fram reglulega greining á stöðu jafnréttismála. Norræna ráðið um málefni fatlaðs fólks hefur hliðsjón af jafnréttissjónarmiðum í umræðum og skipulagi starfsins. Samkvæmt umboðinu skal gæta jafnræðis kvenna og karla, konur eru þó í miklum meirihluta.

NVC á að þróa nýtt líkan um samþættingu sjónarmiða barna og ungmenna í samstarfi við Norræna ráðið um málefni fatlaðs fólks og norrænan sérfræðingahóp um málefni fatlaðra barna og ungmenna. Safna skal saman þekkingu á því sem stuðlar að þátttöku fatlaðra barna og ungmenna með góðum dæmum úr verkefnastarfseminni. Ungum einstaklingum með fötlun, oft forsvarsmönnum stofnana, er boðið sem sérfræðingum og ræðumönnum á fundi og ráðstefnur sem og á fundi annarra verkefnahópa. Stefnan sem verður þróuð í verkefninu „Þátttaka barna og ungmenna“ byggir á ritinu „Are you wearing the right glasses?“ Hún fjallar um hvernig megi taka tillit til sjónarmiða barna og ungmenna í ólíku samhengi. Fötluð ungmenni taka þátt í verkefnastarfseminni í flestum verkefnanna í framkvæmdaáætluninni.

Jafnréttissjónarmið eru samþætтуð í verkefni framkvæmdaáætlunarinnar með því að greina í verkefnunum mun á konum, körlum, stúlkum og strákum með mismunandi tegundir fötlunar. Leitast er eftir jafnvægi í fjölda karla og kvenna í sérfræðinga- og öðrum verkefnahópum, ræðumönnum á málþingum og sérfræðingum og forsvarsmönnum sem koma við sögu á ólíkan hátt.

3.3.5 ESB og alþjóðlegt samstarf

Norræna samstarfið um málefni fatlaðs fólks hefur á sér alþjóðlegan blæ, meðal annars gegnum réttindasáttmála SP og Heimsmarkmið SP um sjálfbæra þróun til ársins 2030 og stefnu ESB í aðgengis- og réttindamálum.

Norðurlöndin standa frammi fyrir sameiginlegum áskorunum og hafa oft gagn af samstarfi um málefni sem varða alþjóðlegt samstarf og ESB og Evrópuráðið. Norðurlöndin geta einnig lært margt af öðrum löndum og svæðum. Um leið ríkir mikill áhugi frá öðrum heimshornum um norræn líkön, lausnir og þekkingu á aðgengismálum og aðlögun. NVC hefur tekið þátt í fjölda viðburða á alþjóðavettvangi á árunum 2018–2019. Í kynningarskyni fyrir norrænt samstarf innan ESB voru haldnir tveir fundir í Brussel um norrænt-evrópskt samstarf á sviði málefna fatlaðs fólks á árinu 2018. NVC hélt fundina innan ramma verkefnisins „A Nordic region for all“, í samstarfi við *Myndigheten för delaktighet* í Svíþjóð, *Barne-, ungdoms- og familiedirektoratet (Bufdir)* í Noregi, *Vammaisfoorumi* í Finnlandi ásamt skrifstofu Norðurlandaráðs í Brussel. Greinilegur áhugi er fyrir áframhaldandi samstarfi á fjölda málefna sviða, svo sem varðandi tölulegar upplýsingar og þátttöku í pólitísku starfi.

NVC tók á árunum 2018–2019 virkan þátt í alþjóðlegu tengslaneti leiðtoga, International Initiative for Disability Leadership (IIDL). IIDL er þverfaglegt tengslanet leiðtoga á sviði málefna fatlaðs fólks frá 10 löndum. Svíþjóð gegndi á formennskuárinu í Norrænu ráðherranefndinni 2018 líka formennsku í IIDL og fléttaði þá á virkan hátt norræn sjónarmið inn í starfið. NVC og Norræna ráðið um málefni fatlaðs fólks tóku þátt í fundi tengslanets leiðtoga 2018 í Stokkhólmi og í skipulagi og framkvæmd fundarins 2019 í Washington. Norrænn pallborðshópur var meðal óska stýrihópsins.

Í júní 2019 lagði NVC fram þekkingu og verkefnastjórn á hliðarviðburði Norrænu ráðherranefndarinnar og sænsku formennskuáætlunarinnar á fundinum fyrir samning SP um réttindi fatlaðs fólks (CRPD). Þemað var „No children shall be left behind – experiences and good practice in inclusive education“. UNICEF og Alþjóðabankinn komu einnig að fundarhaldinu og með samstarfi við Stofnunina Leonard Cheshire tóku þátt ungir forsvarsmenn samtaka fatlaðra á Filippseyjum og í Kenía.

NVC leggur fram norræn sjónarmið og aðferðir og fylgist með alþjóðlegum aðgerðum fyrir tilstilli stjórnarstarfs Deafblind International (DbI) og með þátttöku í heimsráðstefnu DbI. Á heimsráðstefnunni 2019 var meðal annars kynnt bók NVC um snertitáknmál „If you can see it, you can support it“, og vakti hún mikla athygli.

Málefni fatlaðs fólks eru liður í norræn-baltneska samstarfsverkefninu í félagsmálum og hefur NVC komið að samstarfinu. Á grundvelli þessa hefur verið ráðgert að halda málþing um norrænt samstarf um málefni fatlaðs fólks haustið 2019. Auk þess koma Eystrasaltsríkin við sögu í mörgum verkefnum í framkvæmdaáætluninni.

4. Árangur

Norræna velferðarmiðstöðin hefur stuðlað að miðlun þekkingar og reynslu með verkefnastarfsemi sinni, safnað og unnið úr þekkingu auk þess að skapa tengslanet á fjölmörgum sviðum. Nýja vefsvæðið gefur aukin tækifæri til að leita uppi þekkingu og tengslanet, ekki síst að því er varðar framkvæmd samnings SP um réttindi fatlaðs fólks (CRPD).

Norræna ráðið um málefni fatlaðs fólks hefur unnið starf sitt í samræmi við umboð sitt og lagt sitt af mörkum til þróunar og framkvæmdar verkefna í framkvæmdaáætluninni. Ráðið hefur einnig lagt sitt af mörkum til metnaðarfullra verkefna og forgangssviða sænsku og íslensku formennskuáætlana og unnið mörg verkefni að eigin frumkvæði. Fulltrúarnir skipta með sér verkum í hagsmunahópum sem eru virkjaðir á grundvelli framkvæmdaáætlunarinnar.

Nánast öllum verkefnum framkvæmdaáætlunarinnar hefur nú verið hrint af stað. Verkefni eru fjármögnuð og framkvæmd í miklum mæli með fjármagni frá Norrænu embættismannanefndinni um félags- og heilbrigðismál (ÄK-S). Borið saman við fyrri framkvæmdaáætlun (2015–2017), eru þó mörg verkefni sem eru unnin og fjármögnuð af öðrum fagsviðum og sú verkefnastarfsemi sem nú er í gangi er mun umfangsmeiri en áður.

Vitund um og sýnileiki málefna fatlaðs fólks hefur aukist. Innra starf ráðherranefndarinnar að stofnun með þátttöku allra hefur verið gert formlegt með tengslanetum og nýjum stefnumótunarskjölum. Eftirfylgnin á því hvernig fötlunarsjónarmið eru samþætt í starfsemi ráðherranefndarinnar árið 2019 sýnir að flest stefnusvið nefna nú fatlað fólk, aðgengismál eða þátttöku í stefnumótandi skjölum sínum og/eða fjármagna starfsemi sem miðar að þátttöku fatlaðs fólks.

Á vefsvæði ráðherranefndarinnar norden.org hafa málefni fatlaðs fólks nú sitt eigið samstarfssvæði. Þróunin er jákvæð og hana má efla með áframhaldandi vinnu, fjármagni til stuðningsaðila og að góð markmið og starfsemi sem hrint er af stað haldi áfram.

Þróunarsvið fyrir samþættingu fötlunarsjónarmiða er kerfisbundnari þátttaka fatlaðs fólks og að fá viðeigandi stofnanir í forsvari með í skipulag, framkvæmd og mat á starfseminni.

Fylgiskjal 1 *Umboð fyrir Norræna ráðið um málefni fatlaðs fólks*

Fylgiskjal 2 *Framkvæmdaáætlun fyrir norrænt samstarf um málefni fatlaðs fólks 2018–2020*
<http://norden.diva-portal.org/smash/record.jsf?pid=diva2%3A1237006&dswid=503>

Fylgiskjal 3 *Samþætting fötlunarsjónarmiða í starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar 2019*